

Ed.

268. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskveiðar i landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir ihugað frv. þetta og telur rjett að gera frekari skýringu á 1. gr. þess, með því að bæta nokkrum orðum inn i hana, og enn fremur hefir láðst að setja sektarákvæði við brotum gegn frumvarpinu, sem vjer leggjum til, að bætt sje úr.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið sje samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.

Á eftir orðunum »er óheimilt að« komi: gera út hjeðan eða.

2. Á eftir 2. gr. komi ný 3. gr., svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 2000—20000 kr., og fer um meðferð mála út af þeim sem um almenn lögreglumál.

3. Greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 1. april 1925.

Björn Kristjánsson,
form.

Jóhann P. Jósefsson,
fundaskr., frsm.

Ingvar Pálmason.